

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfoss

Akureyri, 31. mars 2022
UST202112-227/S.R.B.
08.04

Ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi – Hið Norðlenska Styrjufjelag ehf., Ólafsfirði

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Hins Norðlenska Styrjufjelags ehf. vegna starfsleyfis til landeldis í Ólafsfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila fyrir eldi þar hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn vegna matfiskeldis. Ef stöðin verður notuð til seiðaeldis þá má hámarkslífmassi ekki fara yfir 1 tonn eða 10.000 seiði á hverjum tíma.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 31. mars 2038.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri